

8. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um byggingu eyðijarðarinnar Kálfaness í Borgarfjarðar sýslu.

1854.
22. maí.

Húsmaður nokkur í Borgarfirði hafði sótt um, að sjer væri fengin eyðijörðin Kálfanes í Borgarfirði til að byggja þar nýbýli, en stiptamtmaðurinn hafði ekki viljað veita honum það sökum þess, að eigandi jarðarinnar Bæjar í Borgarfirði hafði sýnt skýrteini fyrir því, að hann ætti eyðijörðina, og hefði byggt hana ábúanda Bæjar, og væri goldið eptir hana. Síðan sótti húsmaðurinn um þetta til stjórnarinnar.

Þegar stjórnin hafði leitað álits stiptamtmannsins um þetta mál, svaraði hún: að hún fallist á úrskurð stiptamtmanns í þessu máli, þar eð jörð þessi, eptir því sem sannað hefur verið (sbr. einnig Johnsen: jarðatal, 114. bls.), sje eyðihjáleiga Bæjar, og sje byggð sjer í lagi, og ekki verði álitid, eptir tilskipun 15. apríl 1776, einkum eptir 2. gr. hennar, að veita skuli nýbýlisrjett til þess konar lands, sem vafalaust er eign annars, og þegar sannað er, að landið er notað, með því að árlega er goldið eptir það.

9. Brjef innanríkisstjórnarinnar til amtmannsins í Norður- og Austurumdæminu um alþingismanninn í Húnavatnsþingi¹.

26. júní.

Læknirinn í Húnavatnsþingi hafði spurt stjórnina, að hve miklu leyti það leiði af þeirri embættisstöðu hans, að hann er læknir í Húnavatnssýslu og nokkrum hluta Skagafjarðarsýslu eptir konungsúrskurði 15. desemb. 1837, að hann ekki geti setið á alþingi á næstu þingum, og hvort hann sje skyldur að fá annan læknir, sem tekið hefur próf í læknisfræði, til að vera í stað sinn á meðan. Amtmaðurinn hafði einnig skýrt frá þessu máli, og því sem fram hafði farið á alþingi, sökum þess, að hann lagði bann fyrir, að læknirinn sæti á þingi.

¹) Sbr.: Brjef 16. maí og hið næsta hjer á eptir.

1854. Stjórnin svarar amtmanni: að það sem það snerti, hvort
 26. júní. telja eigi lækinn með embættismönnum eða ekki, þá komi það ekki þessu máli við, því það hafi ekki verið amtmaðurinn heldur stiptamtmaðurinn á Íslandi, sem átti að skera úr því, hvort lækinn þyrfti leyfis þess, til að taka við kosningu, sem til er tekið í tilskipun 28. maí 1831, 2. gr., og tilskipun 8. marz 1843, 37. gr., og neitaði stiptamtmaður að hann þyrfti þess, þar eð hann stefndi honum til alþingis f. á. — En hvort sem lækinn er nú verulegur embættismaður eða ekki, þá hlaut amtmaðurinn að hafa rjett til að sjá um, að hann færi ekki til að gegna þingstörfum þaðan, sem hann hafði læknisstörfum að gegna, nema með svo felldu móti, að hann til fullnaðar sæi um, að skyldum þeim, er á honum lágu, yrði tilhlýðilega gegnt. Og eins og amtmanninum bar að dæma um, hvort þetta væri gjört, eins verður það ekki beinlínis álitid nægilegt, að lækinn, sem bjó langt í burtu, ásamt kennslusveini í læknisfræðinni, vildu takast þessi störf á hendur, því hvorki hefur hinn síðar nefndi tekið próf, og varla má heldur ætla, að náð verði til hins fyr nefnda þegar á lægi, án þess hann þá vanræki sýslu sína. Það varð því að fara eptir álitum, hvort leyfa skyldi lækninum, þegar þannig var ástatt, að fara til Reykjavíkur og taka þátt í alþingisstörfum; og eins og ekki þykja nægar ástæður, eptir mála-vöxtum, að alíta skipun amtmannsins ranga, er ætla má að hafi verið gjörð af umhyggju fyrir þörfum hjeradsins, eins getur stjórnin ekki annað en fallizt á, að hann vildi ekki seinna fara að verja aðgjörðir sínar í þessu efni á alþingi. Auk þess verður amtmaðurinn að skera úr því, hvort lækinn getur verið á þingum þeim, sem enn verða haldin á þeim tíma, sem eptir er af kosningartímanum, og hvernig störfum hans skuli gegnt á meðan, eptir því sem á stendur í hvert skipti.